

Skólaráð Smáraskóla 2017-2018



Fyrsti fundur skólaráðs þann 07.09.2017 kl. 8:10 í Melkoti.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2017-2018. (Mættir fulltrúar eru feitleitraðir).

Anna María Skúladóttir skólastjóri, Davíð Smári Jóhannsson fulltrúi foreldra, Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Guðmundína Kolbeinsdóttir fulltrúi kennara, Hrefna Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Ingibjörg Birna Ólafsdóttir fulltrúi foreldra/grenndarsamfélagsins, Ingibjörg Bragadóttir fulltrúi annars starfsfólks, Ezekiel Jakob Hanssen fulltrúi nemenda, Andrea Sif Ingimarsdóttir fulltrúi nemenda og Arna B. Arnardóttir aðstoðaskólastjóri áheyrnarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Skóladagatal Smáraskóla 2017 -2018.

Farið yfir skóladagatalið fyrir skólaárið og bent á helstu viðburði sem eru á dagskránni. Bent var á að ef það er möguleiki að setja inn á dagatalið allt sem vitað er s.s. haustfundi og annað þá væri það mjög gott.

2. Upphaf skólastarfs skólaársins 2017-2018.

- Skólaárið fer ágætlega af stað en nemendur eru að koma og fara mjög seint jafnvel eftir að skóli er farinn af stað.
 - Nemendafjöldinn í dag er 392 börn og starfsmenn eru 60. Á yngra stigi eru 219 nemendur, deildarstjóri Arna B. Arnardóttir aðstoðarskólastjóri fer með deildarstjórn þar og á eldra stigi eru 173 nemendur og deildarstjóri þar er Aðalheiður Ævarsdóttir.
 - Nokkrir nýir starfsmenn eru við skólann, það eru 3 nýir kennarar og tveir nýir skólaliðar. Einnig eru starfsmenn í dægradvöl allir nýjir nema einn, einnig er nýr forstöðumaður þar en hún heitir Marianna Guðbergsdóttir.
 - Dægradvöl: Erfitt hefur verið að manna dægradvölinu en við náðum þó að taka 1.bekk strax inn á fyrsta degi, 2. bekkur kom viku síðar og 3. og 4.bekkur síðan 4. september.
 - Við erum með 8 teymi í skólanum þetta skólaár en það eru teymin sem halda utan um stóru verkefni í skólanum. Þau eru:
 - Spjaldtölvuteymi
 - Heilsueflandi teymi
 - Grænfánateymi
 - Læsisteymi
 - Sjálfsmatsteymi
 - Öryggisteymi
 - Uppeldi til ábyrgðar teymi
 - Námskrár- og námsmatsteymi
- Spurt var um úttekt á öryggiskerfi skólans en til stóð að gera endurbætur á því, Anna María ætlar að kanna stöðuna á því máli.
- Sjávarútvegssýningin verður 13.-15.september næstkomandi. Þá daga verður farið með nemendur í vettvangsferðir og eru nemendur því ekki í skólahúsnæðinu.

Skólaráð Smáraskóla 2017-2018



- Skólaaskur hefur tekið við skólamötuneyti Smáraskóla. Samningur við Skólamat rann út í vor og var þetta verkefni sett í útboð þar sem Skólaaskur var með lágsta tilboðið og því var tekið.
- Starfsáætlun er væntanleg og skólaráðsmeðlimir eru beðnir um að lesa hana og koma með athugasemdir ef einhverjar eru.

3. Viðhald og endurbætur.

- Smáraskóli fékk 100 ný borð og stóla í sumar þar sem stólar voru farnir að rífa buxur nemenda.
- Skipt var um rúður í tveimur álmum.
- Skipt var um krana á ofnum á flestum svæðum.
- Lítilsháttar smíðavinna var hér og þar um skólann.

Fundi slitið kl. 09:55

Ritari: Anna María Skúladóttir